

Ed.

696. Frumvarp

til laga um Jöfnunarsjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar tekjur rikissjóðs á rekstrarreikningi fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé rikissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má ekki veita lán úr honum.

2. gr.

Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af handbæru fé rikissjóðs það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.

3. gr.

Nú nægja ekki áætlaðar tekjur rikissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, er á vantar.

4. gr.

Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum rikissjóðs, að fengnu samþykki fjárhagsnefnda Alþingis.

5. gr.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.